



Akureyrarbær
Bæjarstjóri

Alþingi
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **B** 128/1607
komudagur 7. 3. 2003

Akureyri, 5. mars 2003
Tilvísun: 2003020134 / 06-001


Efni: Ferðajöfnunarsjóður

Bæjarstjórn Akureyrar hefir á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi áskorun sem bókuð var á fundi íþróttá- og tómstundaráðs 25. febrúar sl.:

"Lögð fram áskorun vegna frumvarps sem liggur fyrir Alþingi um ferðajöfnunarsjóð íþróttafélaga.

Íþróttá- og tómstundaráð Akureyrar skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja frumvarp um jöfnunarsjóð íþróttafélaga. Jöfnunarsjóðnum er ætlað að jafna stöðu keppnisíþróttafólks um land allt. Ráðið telur að ef ekki komi til þessa sjóðs sé mikil hætt á að keppnisíþróttir leggist að miklu leyti af á landsbyggðinni."

Virðingarfyllt
f.h. Akureyrarbæjar


Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 128/1130
komudagur 19.2.2003

HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

Engjavegur 6 104 Reykjavík Ísland Sími 514-4200 Fax 514-4201 Netfang hsi@hsi.is



Þriðjudagur, 18. febrúar 2003

Alþingi – Menntamálanefnd.

Ágætu þingmenn.

Ályktun

Á formannafundi íþróttafélaganna innan Handknattleikssambands Íslands, sem haldinn var helgina 14/2 til 15/2 ásamt stjórn sambandsins var ályktað eftirfarandi:


Fundurinn lýsir yfir eindregnum stuðningi sínum og hreyfingarinn við fram koma tillögu til þingsályktunar þskj. 57 – 57 mál borið upp á 128. löggjafarþing 2002-2003 um ferðasjóð íþróttafélaga.

“Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.”

Í greinagerð kemur meðal annars fram mikilvægi þess að íþróttafélög geti sótt um ferðastyrki til að mæta kostnaði við að senda keppnislið á milli byggðarlaga til þátttöku í íþróttamótum. Íþróttáástundun er hverju byggðarlagi afskaplega mikilvæg. Um er að ræða eina mestu forvörn fyrir ungt fólk. Að auki eiga keppnislið einstakra sveitarfélaga drjúgan þátt í að efla samkennd og samstöðu íbúa sveitarfélaganna.

Hlutverk þessa ferðasjóðs er að jafna aðstöðumun og stuðla að öflugra íþróttastarfi í landinu.

Virðingarfyllt,
fh. Íþróttafélaga innan HSÍ og stjórnar Handknattleikssamband Íslands,


Guðmundur A. Ingvarsson, formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1396
komudagur 28.2.2003



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Reykjavík, 26. febrúar 2003.

Efni: Ályktun 57. ársþings KSÍ.

Svohljóðandi ályktun var samþykkt á 57. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands 8. febrúar síðastliðinn:

57. ársþing KSÍ haldið á Hótei Loftleiðum 8. febrúar 2003 hvetur þingmenn landsins til að hraða meðferð tillögu um ferðajöfnunarsjóð íþróttafélaga í gegnum nefndir alþingis og koma með niðurstöðu í þessu máli fyrir þinglok vorið 2003.

Virðingarfyllt,
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,

Geir Þorsteinsson,
framkvæmdastjóri KSÍ.